Samþykktir Búseta - breytingartillögur fyrir aukaaðalfund 2026

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á samþykktum Búseta:

Felld verði niður 2. mgr. 23. gr., ný ákvæði komi í 24. og 25. gr. og 24.-27. gr. færist til og verði 26.-29. gr.

23. gr.
Stjórn Búseta

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi. Stjórnina skipa formaður sem kosinn er til eins árs í senn og fjórir meðstjórnendur sem kosnir eru til tveggja ára í senn, þ.e. á þann hátt að kosnir eru tveir meðstjórnendur hverju sinni á aðalfundi. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti á fyrsta stjórnarfundi sem haldinn er eftir aðalfund félagsins. Varamenn skulu kosnir með sama hætti, einn á ári til tveggja ára í senn. Verði varamenn sjálfkjörnir ræður hlutkesti röð þeirra.

~~Kjörgengir til stjórnar eru fullgildir félagsmenn sem eru lögráða, eru ekki á vanskilaskrá og hafi ekki hlotið refsingu sem útilokar þá frá störfum að stjórnun félaga og fyrirtækja. Framboðum til aðalstjórnar skal skilað skriflega til stjórnar félagsins a.m.k. 10 dögum fyrir aðalfund. Tilkynna skal framboð til formanns sérstaklega.~~

Hlutverk stjórnar Búseta er að móta stefnu félagsins og hafa yfirumsjón með rekstri og fjármálum félagsins og taka ákvörðun um kaup og/eða byggingu húsnæðis og fjármögnun þess, sem og sölu á eignum í eigu félagsins. Skal stjórnin ásamt framkvæmdastjóra félagsins móta stefnu félagsins og gæta hagsmuna félagsmanna í hvívetna. Stjórn félagsins fer með málefni þess milli aðalfunda í samræmi við samþykktir þessar.

Skal stjórn Búseta setja sér starfsreglur um þau atriði sem kveðið er á um í samþykktum þessum sem falla undir verksvið stjórnarinnar og skulu reglurnar vera aðgengilegar félagsmönnum svo sem á heimasíðu félagsins. Reglur sem hafa veruleg áhrif á skyldur og réttindi félagsmanna skal bera undir samþykki félagsfundar.

Félagsmaður sem telur rétti sínum hallað getur lagt málið fyrir stjórn Búseta.

Rétt til að rita firma félagsins og skuldbinda það hafa þrír stjórnarmenn hið minnsta, formaður ásamt tveimur meðstjórnendum. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra félagsins og veitir honum prókúruumboð. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk félagsins og annast daglegan rekstur félagsins í samráði við stjórnina og í umboði hennar. Stjórnin getur veitt öðrum einstaklingum prókúruumboð fyrir hönd félagsins. Stjórnin getur skipað nefndir eða ráðið aðila til að vinna að sérstökum verkefnum fyrir félagið.

Stjórn og starfsmenn skulu ár hvert gera skriflega grein fyrir fjárhagslegum tengslum og/eða hagsmunum sem kunna að hafa áhrif á störf þeirra í þágu félagsins þannig að traust megi ríkja um þau.

24. gr.

Kjörgengi til stjórnar og framboðsfrestur

Kjörgengir til stjórnar eru fullgildir félagsmenn sem eru lögráða og fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo sem lögum um tekjuskatt, virðisaukaskatt og tryggingagjald.

Leitast skal við að tryggja, svo sem kostur er, að stjórnin sé skipuð þannig að þar sé tryggð nægileg hæfni, þekking og reynsla af fjármálum, stjórnun, stjórnarháttum, lögfræði, húsnæðismálum og sjálfbærni til að auka getu stjórnar til að tryggja að stefna og starfsemi félagsins sé í sem bestu horfi. Þá skal leitast við að tryggja sem jafnast kynjahlutfall innan stjórnar, og sem jafnast hlutfall milli félagsmanna og búseturéttarhafa.

Framboðum til stjórnar skal skilað skriflega til stjórnar félagsins, ásamt kynningarbréfi og ferilskrá, fyrir 1. apríl ár hvert. Tilkynna skal framboð til formanns sérstaklega. Skal formaður stjórnar hafa setið í stjórn félagsins.

25. gr.

Umsagnarnefnd

Stjórn Búseta skal skipa þriggja manna umsagnarnefnd, þar af einn sem formann, sem hefur ráðgefandi hlutverk við val á stjórnarmönnum. Aðalfundur kýs eftir sem áður stjórnarmenn úr hópi allra frambjóðenda.

Stjórn Búseta ákveður þóknun nefndarmanna og skal tryggja sem jafnast kynjahlutfall innan nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að veita félagsmönnum faglega og óhlutdræga umsögn um hæfni, þekkingu og reynslu frambjóðenda með það að markmiði að tryggja að stjórn félagsins búi sameiginlega yfir þeirri þekkingu og reynslu sem stefna og starfsemi félagsins krefst.

Skal nefndin meðal annars líta til þess að innan stjórnar sé nægileg breidd í faglegri þekkingu og reynslu á sviði fjármála, stjórnunar, stjórnarhátta, lögfræði, húsnæðismála og sjálfbærni, sem og að kynjahlutfall og hlutfall milli félagsmanna og búseturéttarhafa sé sem jafnast.

Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum. Skal nefndin skipuð einstaklingum sem hafa þekkingu og reynslu af mati á hæfni stjórnenda og stjórnarmanna og viðeigandi hæfni til að meta æskilega þekkingu út frá stefnu og starfsemi félagsins. Skulu nefndarmenn ekki sitja í stjórn félagsins eða hafa hagsmunatengsl sem torveldað geta hlutlaust mat.

Skal nefndin hafa lokið störfum a.m.k. þremur vikum fyrir aðalfund. Skal birta lista frambjóðenda 10 dögum fyrir aðalfund, ásamt umsögn nefndarinnar, á heimasíðu félagsins.

Skal stjórn Búseta setja nánari reglur um störf nefndarinnar.